

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Hamar – Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 14. maí 2020 tillögu að deiliskipulag á Hamri. Deiliskipulagið felst í því að gert er ráð fyrir 4 gestahúsum, hvert um sig allt að 35 m² að stærð og einum gistiskála, allt að 70 m² að stærð. Einnig er gert ráð fyrir þjónustuhúsi, allt að 150 m² að stærð. Gistiskálar verða byggðir í torfbæjarstíl. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sopi – Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 12. desember 2019 tillögu að deiliskipulagi á Sopa. Tillagan nær til 2,5 ha svæðis og tekur til byggingar íbúðarhúss og aðstöðuhúss auk aðkomuvegar. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan öðlast þegar gildi.

Fornhagi – Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 26. mars 2020 tillögu að deiliskipulagi í Fornhaga. Tillagan nær til 15 ha svæðis jarðarinnar. Þar er annars vegar um að ræða 6,3 ha tjaldsvæði þar sem gert er ráð fyrir tjöldum, ferðavögnum, húsbílum og hjólhýsum og hins vegar 8,7 ha svæði fyrir allt að 50 gistihús, 400 m² þjónustuhús, 100 m² salernis- og sturtuástöðu og 145 m² grillhús. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan öðlast þegar gildi.

Skiphóll – Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 13. febrúar 2020 tillögu að deiliskipulagi á Skiphóli. Tillagan tekur til 32,5 ha spildu, Skiphóls í A-Landeyjum. Á byggingarreit Í1 er heimilt að byggja allt að 150 m² íbúðarhús, allt að 50 m² bílgeymslu og allt að 40 m² gestahús. Á byggingarreitum F1 og F2 er heimilt að byggja allt að 70 m² frístundahús auk 15 m² smáhýsis. Á byggingarreit Ú1 er heimilt að byggja allt að 1.000 m² hús fyrir hestatengda starfsemi eða aðra landbúnaðartengda starfsemi. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan öðlast þegar gildi.

Ormsvöllur – Deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 15. júní 2020 breytingu á deiliskipulagi á Hvolsvelli. Deiliskipulagsbreytingin tekur til breytingar á innkeyrslu frá Dufþaksbraut inn á lóðir nr. 4 og 6b við Ormsvöll, sem felur í sér að innkeyrslur verða sameinaðar í eina á lóðarmörkum fyrrgreindra lóða. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Útskák – Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 14. maí 2020 tillögu að deiliskipulagi í Útskák. Tillagan nær til um 5 ha landspildu úr landi Kirkjulækjarkots í Fljótshlíð. Tillagan tekur til afmörkunar fimm íbúðarlóða og fimm frístundalóða. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 9. júlí 2020.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Guðmundur Úlfar Gíslason, skipulags- og byggingarfulltrúi.